

## Skýrsla stjórnar fyrir fyrsta starfsár UT-kvenna 2005-2006

Fagfélagið UT-konur var stofnað 25.maí 2005 á stofnfundi þess í Háskólanum í Reykjavík. Á fundinn mættu 65 konur, sem flestar gerðust stofnfélagar. Faghópur UT-kvenna er hýstur af Ský en starfar að mestu sjálfstætt með eigin samþykktir og stjórn. Á fundinum var Ásrún Matthíasdóttir kosin formaður en í stjórn voru kosnar Birna Guðmundsdóttir Laufey Asa Bjarnadóttir Hólmfríður G. Pálsdóttir Sólveig Hrönn Sigurðardóttir og varamenn Auður Sigr. Kristinsdóttir og Sigríður Magnea Björgvinsdóttir. Fljótlega fór félagafjöldinn upp í 110 konur.

### Markmið faghópsins er:

- að stuðla að fjölgun kvenna í upplýsingatækni
- að stuðla að fjölgun kvenna í háskólanámi í tölvunarfræði og kerfisfræði
- að stuðla að fjölgun kvenna í stjórnunarstöðum og stjórnnum fyrirtækja
- að vera vettvangur skoðanaskipta um störf kvenna í upplýsingatækni
- að auka sýnileika kvenna í upplýsingatækni

Stjórnin skipaði með sér verkum og hefur haldið reglulega fundi, hálfsmánaðarlega í fyrstu en síðan mánaðarlega. Á fyrstu fundum stjórnar var mikið rætt um hvernig félagið ynni best að markmiðum faghópsins og hvaða áherslur ættu að vera í starfinu. Fljótlega ákveðið að stofna vinnuhópa sem ynnu með stjórninni að markmiðum faghópsins og voru eftirfarandi vinnuhópar settir á legg í september 2005:

Skemmtihópur	Fræðslu- & hvatningarhópur	Tölfræðihópur	Rithópur
Laufey Bjarnadóttir	Anna Ingólfssdóttir	Birna Guðmundsdóttir	Auður Sigr. Kristinsdóttir
Margrét Ásgeirsdóttir	Auður Ösp Jónsdóttir	Hólmfríður Pálsdóttir	Alda Karen Svavarsdóttir
María Guðnadóttir	Birna Íris Jónsdóttir	Halla Einarsdóttir	Barbara Ósk Ólafsdóttir
Marta K. Lárusdóttir	Guðrún Bjarnadóttir	Laufey Hannesdóttir	Erla Rós Gylfadóttir
	Jóna Pálsdóttir	Rósa Ólafsdóttir	Gyða Einarsdóttir
	Kristín H. Guðmundsd.	Þóra Halldórsdóttir	
	Sigrún E. Ármannsdóttir		
	Sólveig H. Sigurðardóttir		
	Þórunn Óskarsdóttir		

Hóparnir hafa fundað reglulega og mótað sé vinnuaðferðir en alltaf er þörf fyrir fleira fólk og hvetjum við allar hressar konur til að taka þátt í starfi hópanna

## UT-konur stóðu fyrir þrem fundum á fyrsta starfsári félagsins.

1. Fyrstu fundurinn var hádegisfundur 15. sept 2005 í húsnæði OR og var léttur hádegisverður einnig í boði OR. Arnlaugur Guðmundsson tók á móti hópnum og Sigurður Gíslason ráðgjafi hjá Grow Consulting ehf. hélt erindi sem hét: Að biðja um meira, sagan af Ólívíu Twist. Á fundinn mættu um 80 konur og þótti hann takast mjög vel.
2. Annar fundur var morgunverðarfundur í Farfuglaheimilið í Reykjavík í Laugardal Þriðjudaginn 31. janúar og voru veitingar í boði farfuglafélagsins. Magnea Árnadóttir - TM Software Skyggjir var með kynningu á þróun í símkerfum, hvað VoIP er í raun og veru og kynna IP símkerfi fyrir fyrirtæki og kosti þess. Um 30 konur og karlar mættu og sköpuðust fjörugar umræður.
3. Síðdegisfundur var haldinn 9. mars á Kaffi Sólun þar sem Edda Björgvinsdóttir leikari ræddi við hópinn m.a. um framkomu. Rúmlega 20 konur mættu og sátu saman fram á kvöld og æfðu sig á að koma fram.

Er það samdóma álit stjórnar að æskilegt sé að halda 3-4 fundi á ári með mismunandi fundartímum og fjölbreyttu fundarefni til að koma til móts við breiðan hóp UT-kvenna.

## Verkefni sem unnið hefur verið að en bíða einnig næstu stjórnar

1. Unnið er að útgáfu einblöðungs/bæklinga sem sendur verður til allra stúlkna sem verða 15 ára á árinu 2006, en það eru um 1700 stúlkur. Í bæklingnum verða stutt viðtöl við 3-4 ungar konur sem starfa á þessu sviði. Bæklingnum verður einnig dreift til allra grunnskóla með beiðni um að hann liggi frammi í skólunum. Gert er ráð fyrir um 2000 eintökum af bæklingnum. Undirbúningur ef hafinn við verkefnið og er það samvinnuverkefni fræðslu- og hvatningarhóps, rithóps og stjórnar. Leitað hefur verið tilboða í hönnun og prentun og einnig hefur verið haft samband við ungar konur til að taka viðtöl við. Ský hefur gefið loforð um að styrkja sendingarkostnað. Sótt var um styrk í Pokasjóð en svar liggur ekki frammi þegar þetta er skrifað. Einnig er í vinnslu að sækja víðar eftir styrkjum.
2. Útbúið verður póstkort sem sent verður til allra stúlkna sem verða 18 ára á landinu 2006 en það eru um 1700 stúlkur. Á póstkortinu verða talin upp störf sem tengjast upplýsingatækni. Póstkortið verður einnig dreift til allra grunnskóla með beiðni um að hann liggi frammi. Gert er ráð fyrir um 2500 eintökum af póstkortinu. Formleg vinna er ekki hafin við þetta verkefni.
3. Ráðstefna er fyrirhuguð haustið 2006 þar sem lögð verður áhersla á menntun í upplýsingatækni, framboð á námi og væntingar atvinnulífsins til menntunar á þessu sviði. Undirbúningur er á byrjunarstigi en óskað er eftir tillögum að fyrirlesurum og öll aðstoð er vel þeginn við undirbúning.
4. Fræðslu og skemmtifundir verði haldnir næsta vetur og er m.a. komin tillaga að fundum um framkomu í fjölmiðlum, tölvuleik fyrir stúlkur o.fl. en allar tillögur eru vel þagnar.

5. Ut-konur á Akureyri hafa sýnt áhuga á að stofna sérstakan hóp þar sem gæti staðið fyrir fundum og öðrum uppákomum og væri gaman að geta komið þessum hóp á legg.

Nú í vor munu Birna Guðmundsdóttir, Laufey Ása Bjarnadóttir, Sólveig Hrönn Sigurðardóttir og Sigríður M. Björgvinsdóttir ganga úr stjórn og eru þeim þökkuð vel unnin störf á fyrsta starfsári félagsins.

Ásrún Matthíasdóttir  
Birna Guðmundsdóttir  
Laufey Ása Bjarnadóttir  
Hólmfríður G. Pálsdóttir  
Sólveig Hrönn Sigurðardóttir  
Auður Sigr. Kristinsdóttir  
Sigríður Magnea Björgvinsdóttir